



Breyting á deiliskipulagi Dagverðarnes Skorradal, svæði 3 varðar lóð nr. 118

Greinargerð

Svæði 3 í frístundabyggð Dagverðarnesi er um 20 ha. að stærð. Á því eru samtals 35 lóðir (nr. 101 - 138). Breytingin varðar deiliskipulagsskilmála fyrir lóð nr. 118. Landnúmer 186324. Deiliskipulagsuppdráttur er óbreyttur.

Breytingin á deiliskipulagsskilmálunum felst í því að hámarksstærð húss er aukin úr 82 m² í 130 m². Núverandi sumarhús er 87,6 m² að meðöldu svefnofti og var samþykkt í byggingarnefnd þann 20.02.2003. Fyrirhugað er að stækka það til austurs um ca. 35,0 m², sbr. skýringarmyndir hér til hliðar. Skipulags- og byggingarnefnd heimilaði þann 23. júní 2011 að gerð yrði tillaga að deiliskipulagsbreytingunni og fyrirhuguð byggingaráform jafnframt kynnt.

Í gildandi deiliskipulagi sem samþykkt var í Hreppsnefnd Skorradalshrepps þann 12.07.1995 segir eftirfarandi í Kafla 1. grein j) Húsagerðir:

GILDANDI SKIPULAGSSKILMÁLAR:

*Kafla 1. Skipulag svæðisins
grein j) Húsgerðir*

Hús skulu vera með risþaki og mæni yfir miðri húsbreidd. Húsgerðir geta t.d. verið ferkantaðar, vinkilhús eða T-laga, svo dæmi séu nefnd. Sumarhús skal vera fullfrágengið að utan innan tveggja ára frá því að byggingaframkvæmdir við það hefjast. Hámarksstærð sumarhúsa á þessu svæði er 82 m², auk þess verði heimilt að byggja útgeymslu af þeirri stærð sem reglugerð segir til um. Að öðru leyti fjallar byggingarnefnd og byggingarfulltrúi Skorradalshrepps um húsagerðir. Hvað varðar lit húsanna, skulu engir áberandi litir valdir. Þök skulu máluð í mildum jarðlitum. Veggir skal einnig mála í mildum litum. Allir náttúrulegir viðarlitir eru leyfðir, svo og allir litir sem ekki teljast skærir og áberandi. Leigutaki skal bera sig upp við leigusala áður en húsi er endanlega valinn litur. Þetta á við bæði um þak og vegg.

TILLAGA AÐ BREYTTUM SKIPULAGSSKILMÁLUM:

*Kafla 1. Skipulag svæðisins
grein j) Húsgerðir*

Hús skulu vera með risþaki og mæni yfir miðri húsbreidd. Húsgerðir geta t.d. verið ferkantaðar, vinkilhús eða T-laga, svo dæmi séu nefnd. Sumarhús skal vera fullfrágengið að utan innan tveggja ára frá því að byggingaframkvæmdir við það hefjast. Hámarksstærð sumarhúsa á þessu svæði er 130 m², auk þess verði heimilt að byggja útgeymslu af þeirri stærð sem reglugerð segir til um. Að öðru leyti fjallar byggingarnefnd og byggingarfulltrúi Skorradalshrepps um húsagerðir. Hvað varðar lit húsanna, skulu engir áberandi litir valdir. Þök skulu máluð í mildum jarðlitum. Veggir skal einnig mála í mildum litum. Allir náttúrulegir viðarlitir eru leyfðir, svo og allir litir sem ekki teljast skærir og áberandi. Leigutaki skal bera sig upp við leigusala áður en húsi er endanlega valinn litur. Þetta á við bæði um þak og vegg.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir. Deiliskipulagsuppdráttur er óbreyttur.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem grenndarkynnt hefur verið samkvæmt 44 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

frá _____ til _____

var samþykkt í sveitarstjórn þann _____

Oddviti Skorradalshrepps

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____

